

# KIRKJUGARÐARÁÐ

15. fundur haldinn 8. desember 2003  
kl. 14:00 í fundarsal Biskupsstofu.

---

**Mætt voru:** Smári Sigurðsson fulltrúi Kirkjubings, Þórsteinn Ragnarsson forstjóri KGRP, fulltrúi Kirkjugarðasambands Íslands sem ritaði fundargerð, Valtýr Valtýsson, oddviti, fulltrúi Sambands íslenskra sveitarfélaga, Guðmundur Rafn Sigurðsson framkvæmdastjóri Kirkjugarðaráðs. Ragnhildur Benediktsdóttir, skrifstofustjóri og formaður ráðsins var fjarverandi vegna veikinda og Margrét Hallgrímsdóttir boðaði forföll.

**Gestur:** Sigurður Óli Kolbeinsson, sviðsstjóri lögfræðisviðs Sambands ísl. sveitarfélaga.

## 1. Setning fundar

Guðmundur Rafn setti fundinn í fjarveru Ragnhildar og lagði fram dagskrá fundarins. Einnig bauð hann Sigurð Óla velkominn.

## 2. Samskipti kirkjugarða og sveitarfélaga

Guðmundur Rafn reifaði í mynd og máli það umhverfi sem kirkjugarðar vinna í og gat hann helstu kennitalna, s.s. fjölda kirkjugarða, stærðar þeirra og fjölda kirkjugarða sem grafið er í, ásamt fleiri upplýsingum um starfsemi þeirra. Miklar umræður urðu um starfsemi kirkjugarða og samskipti sveitarfélaga. Bent var á nauðsyn þess að setja upp agaðar reglur um þann feril sem þarf að ganga áður en framkvæmt er, þ.e.a.s. að báðir aðilar þurfi að samþykkja framkvæmdir áður en farið er í þær.

Ákveðið að fela Guðmundi Rafni að ræða við Hjört Stefánsson verkfræðing og útbúinn verði vísir að viðmiðunarreglum sem skotið yrði til Sigurðar Óla og þannig yrðu til drög að viðmiðunarreglum sem lögð yrðu fyrir stjórn Sambands ísl. sveitarfélaga og Kirkjugarðaráð til samþykktar. Sigurður Óli vék af fundi.

## 3. Bréf til sóknarnefnda vegna lögboðinna verkefna

Samþykkt að senda bréf til sóknarnefnda og/eða kirkjugarðsstjórna dags. 10. desember 2003.

## 4. Næsti fundur

Næsti fundur er 12. janúar 2004.

Fleira ekki tekið fyrir og fundi slitið.

---

Ragnhildur Benediktsdóttir,  
formaður

---

Þórsteinn Ragnarsson, ritari